

Sófar og hægindastólar

Upplýsingar um ábyrgð

5

10

25

Sófar, hægindastólar, svefnsófar
og skemlar



Daglegt heimilislíf gerir miklar kröfur til sófa og hægindastóla. Húsgögnin okkar hafa gengist undir margvíslegar prófanir til að tryggja að þau standist stranga gæða- og endingarstaðla okkar og standist ströngustu kröfur sem gerðar eru til húsbúnaðar.

Við bjóðum upp á 10 ára ábyrgð á sófagrindum, hefðbundnum hægindastólagrindum, svefnsófagrindum og -búnaði og skemlagrindum – ásamt 25 ára ábyrgð fyrir einstaka vörur. Grindur og búnaður í snúnings- og ruggu- og hægindastólum sem hægt er að halla aftur eru með 5 ára ábyrgð.

Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

5

Grindur og búnaður í snúnings-, ruggu- og hægindastólum sem hægt er að halla aftur eru með 5 ára ábyrgð.

10

Grindur og púðar í sófum, svefnsófum, hefðbundnum hægindastólum og skemlum eru með 10 ára ábyrgð.

25

Grindur og púðar í STOCKHOLM sófum eru með 25 ára ábyrgð.

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin á sófum, hægindastólum, svefnsófum og skemlum gildir almennt í 10 ár en 25 ár í einstaka tilfellum. Grindur og búnaður í snúnings-, ruggu- og hægindastólum sem hægt er að halla aftur eru með 5 ára ábyrgð. Ábyrgðin gildir frá kaupdegi í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færist ekki á milli eigenda.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

- föst áklæði
- tauáklæði
- leðuráklæði
- áklæði úr húðuðu efni
- POÄNG púða
- sófa og stóla úr reyr, bambus og öðrum náttúrulegum trefjum
- gólfpuða og suma skemla
- öll uppblásin húsgögn

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Þessi ábyrgð gildir aðeins fyrir heimilisafnot og nær yfir galla í efni og framleiðslu á sófagrindum, sessum og bakpúðum þegar þau eru notuð með réttum grindum.

Þú finnur upplýsingar um hvort að sófinn eða hægindastóllinn þinn falli undir þessa ábyrgð á IKEA.is og í versluninni. Þú getur einnig haft samband við þjónustuverið okkar í síma 520 2500.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavini útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar, settar saman eða settar upp á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breytt eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga.

Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð utandyra eða þar sem er raki.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Aukahlutir sem ekki hafa áhrif á grunnvirkni vörunnar eru ekki innifaldir í ábyrgðinni.

Húsgögnin okkar eru prófuð

Við hjá IKEA prófum sófana, hægindastólana, svefnsófana og skemlana okkar til að vera örugg um að þeir endist vel. Við erum sérstaklega kröfuhörð á þá sem eru með langar ábyrgðir. Til dæmis þrýstum við 100 kílóum í sætin 50.000 sinnum – og svo 30 kílóum á bakið jafnoft. Þetta gerum við til að vera viss um að grindin haldi stöðugleika sínum og sessurnar og bakpúðarnir haldi fjöðrun og þægindum. Ábyrgðirnar sem við bjóðum tryggja viðskiptavinum okkar fyrir því að sófarnir og hægindastólarnir okkar þoli mikla notkun til langs tíma.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og nauðsynleg til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða ef varan stenst ekki kröfur þínar, vinsamlega hafðu þá samband í gegnum [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

